

SRE fjármögnun 2
Fagfjárfestasjóður

Ársreikningur 2014

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur sjóðsins SRE fjármögnun 2 er hluti af B-hluta ársreiknings Stefnis hf. sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

Í stjórn félagsins:

Ásgerður Rúnaldsdóttir

Ísvara Bjarnadóttir

Þórunn Gunnarsdóttir

Jóhanna Elfrún

Ólafur Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri:

Felví Handórnar

Áritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í SRE fjármögnun 2

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SRE fjármögnun 2 fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á hreinni eign á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

Margrét Pétursdóttir

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Rekstrarreikningur 2014

	Skýr.	2014	2013
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		82	122
Vaxtagjöld og verðbætur		(80)	(120)
Hreinar fjármunatekjur		<u>2</u>	<u>2</u>
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun	6	<u>2</u>	<u>2</u>
		<u>2</u>	<u>2</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum	7	1.516	1.538
Verðbréf með föstum tekjum	12	1.516	1.538
Handbært fé	8	0	0
Aðrar eignir samtals		0	0
Eignir samtals		1.516	1.538
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	10	1	1
Aðrar skammtímaskuldir		2	1
Útgefin skuldabréf	11	1.513	1.536
Aðrar skuldir samtals		1.515	1.537
Skuldir samtals		1.516	1.538
Hlutdeildarskírteini		0,81	0,70
Fjöldi eininga (í millj.)		0,60	0,60
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	10	1,35	1,17

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		0	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini		0	0
		0	0
Hækkun á hlutdeildarskírteinum		0	0
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1	1
Hlutdeildarskírteini í lok tímabils	10	1	1

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2014

	Markaðs- verð	Eign 2014 %	Eign 2013 %	Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningur við SRE-S10 ehf.	1.516	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé	0	0	0	0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	1.516	100	100	0		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn SRE fjármögnun 2 var stofnaður 15. nóvember 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufleði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur SRE fjármögnun 2 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningurinn er ekki hluti af ársreikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningsskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2015. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánsamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

Skýringar, frh.:

9. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun fyrir sjóðinn SRE fjármögnun 2 miðað við 31. desember 2014 er:

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði	4,11%
Síðustu 6 mánuði	7,25%
Síðustu 12 mánuði	13,82%

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti	Gengi
31. desember 2014	1	1,35
31. desember 2013	1	1,17
31. desember 2012	1	1,02

11. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn SRE fjármögnun 2 gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggð lán	1.513
Greiðslur af útgefnum skuldabréfum í árslok 2014 greinast þannig:	
Til greiðslu 2015	48
Til greiðslu 2016	42
Til greiðslu 2017	43
Til greiðslu 2018	45
Til greiðslu 2019	47
Til greiðslu síðar	1.288
	1.513

12. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar	1.516	100	1.516	100
	1.516	100	1.516	100